



STOPGAP P121

Akrýlgrunnur

VÖRUUPPLÝSINGAR

KYNNING

STOPGAP P121 er akrýlgrunnur sem hannaður er til að ýta undir notkunareiginleika STOPGAP 1100 GYPSUM, og önnur viðeigandi STOPGAP jöfnunarundirlag, fyrir súlfatjöfnunarefni. Það hindrar skjóta þurrkun á lími og jöfnunarundirlagi. Það er ekki eldfimt og hentar til notkunar yfir hefðbundnum gólfhitalögnum. STOPGAP P121 er blátt að lit sem veitir notandanum sýnilega stjórn á þekjusamræmi.

UNDIRBÚNINGUR

Gólfletir verða að hafa hlotið viðeigandi undirbúning. Verða að vera traustir, sléttir, þurrir (<75%RH) og lausir við mengunarvalda sem kunna að hindra viðloðun. Jöfnunarefni með kalsíumsúlfati, t.d. anhýdríð, ætti að undirbúa í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og vandlega ryksugað til að fjarlægja allt eftirliggjandi ryk áður en STOPGAP P121 er notað. Hitastig yfirborðsins verður að vera yfir 5°C þegar grunnurinn er borinn á undirgólfið og slökkt þarf að vera á gólfhita í að minnsta kosti 48 klukkustundir fyrir, á meðan og eftir notkun. Tryggið að undirgólfið sé þurrt og feli í sér skilvirka rykhelda himnu.

BLÖNDUN OG NOTKUN

HRISTIÐVEL FYRIR NOTKUN

Ef um þurrt (<75%RH) og viðeigandi undirbúið jöfnunarefni með kalsíumsúlfati er að ræða skal grunna með tveimur umferðum af STOPGAP P121. Fyrsta umferðin skal vera þynnt í hluti grunnur á móti í hluta vatn. Þegar þurrt er orðið skal grunna með annarri umferð af P121.

Berið jafnt á allan flötinn og látið þorna að fullu.

ÞURRKUN

Slíkt veltur á hitastigi, rakastigi og gleypni undirgólfsins. Þegar borið er á viðeigandi undir jöfnunarefni með kalsíumsúlfati, t.d. Anhýdríð, við góðar þurrar aðstæður skal leyfa að þorna að fullu á naglalausri og endingargóðri filmu. Þurrkunartími er lengri við lægra hitastig.

VARÚÐARRÁÐSTAFANIR

Förðist óhóflega umferð um undirgólfið eftir að grunnurinn hefur þornað.

VERKFÆRI

Málningarúlla eða miðlungsstífur bursti.

ÞRIF

Þvotið verkfæri með volgu vatni strax eftir notkun.

GEYMSLA

Geymið við 5°C til 30°C. Verndið gegn frosti.

GEYMSLUÞOL

12 mánuðir í óopnum ílátum og geymt við góðar aðstæður.

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

Litur	Blár
Þekjuhutfall (u.þ.b.)	10 m ² fyrir hvern lítra háð aðstæðum og gleypni undirgólfsins

HVE MIKIÐ EFNÍ?

ÞAKKNINGASTÆRÐ	ÞEKJA
5 lítrar	50 m ²

Athugasemd: Þekjuhutfall er háð aðstæðum og gleypni undirgólfsins.



EIGINLEIKAR

- Hentar fyrir jöfnunarefni með kalsíumsúlfati
- Hindrar skjóta þurrkun á lími og jöfnunarundirlagi.
- Með litarefni sem veitir aukna þekjustjórn

UMBÚÐIR

5 lítra flaska

HEILBRIGÐIS- OG ÖRYGGISÁBENDING

Þessi vara er ekki flokkuð. Verðið ykkur úti um viðeigandi öryggisblað og fylgið ráðleggingum þar. Hægt er að nálgast slíkt á www.f-ball.co.uk en einnig má óska eftir því á sölustað eða frá F. Ball and Co. Ltd. á því heimilisfangi sem má finna að neðan.

Vinsamlegast hafðu samband við tækniþjónustudeild okkar til að tryggja að þessi vara sé viðeigandi og til að staðfesta að þetta upplýsingablað sé núverandi, aðstæður á starfsstöðvum eru mismunandi.

Vinsamlegast hafið samband á eftirfarandi heimilisfang til að fá frekari upplýsingar um vörur F. Ball. eða ítarlegra tækniástoð.

F. Ball and Co. Ltd.
Churnetside Business Park
Station Road, Cheddleton, Leek
Staffordshire ST13 7RS
Bretland

Sími: +44 (0) 1538 361633
Fax: +44 (0) 1538 361622
Fax tækniþjónustunnar: +44 (0) 1538 361567
Netfang: mail@f-ball.co.uk
www.f-ball.co.uk